

Skipulagsstofnun  
Matthildur B. Stefánsdóttir  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 24. apríl 2018  
UST201803-039/B.S.  
10.05.04

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Háspennustrengur og ljósleiðari – Bláfjöll.**  
**Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 27. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða lagningu 12 kV háspennustrengs og ljósleiðara frá Sandskeiði að skíðasvæðinu í Bláfjöllum.

Ráðgert er að leggja strengina meðfram Bláfjallavegi að borholu BF-3 en þar verður vikið frá veginum og farið um lítt gróðið sléttlendi að skíðaskála Fram.


Fyrirhugað er að leggja umrædda strengi um land sem raskað hefur verið vegna vegagerðar og ýmissa framkvæmda tengdum skíðaiðkun í Bláfjöllum.

Með hliðsjón af ofangreindum atriðum telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun telur að umrædd framkvæmd sé í samræmi við reglur sem gilda um fólkvanginn, þ.e. að svæðið skuli skipulagt til skíðaiðkana. Stofnunin vill benda á að skv. Auglýsingi í Stj.tíð. B, nr. 173/1985 ber að leita leyfis Umhverfisstofnunar ef fyrirhugað er að gera jarðrask í fólkvanginum.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Agnar Bragi Bragason  
Teymisstjóri